

Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, á ársfundi Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands 2019.

Haldið á Laugarvatni fimmtudaginn 28. mars 2018 kl. 13.30.

Fulltrúi Mennta- og menningarmálaráðherra, oddviti Bláskógabyggðar, sveitarstjórnarfolk Bláskógabyggðar, ágætu gestir og samstarfsfolk.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til ársfundar Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands.

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands var sett á fót upp úr síðustu aldamótum og hóf fyrsta setrið starfsemi á Höfn í Hornafirði haustið 2001 með einum starfsmanni.

Óhætt er að segja að stofnuninni hafi vaxið fiskur um hrygg á umliðnum tæpum tveimur áratugum og er nú svo komið að Háskóli Íslands starfrækir 9 rannsóknasetur um allt land og eru þau staðsett á Hornafirði, Suðurlandi, Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Ströndum, Norðurlandi vestra, Norðausturlandi og Austurlandi.

Viðfangsefni rannsóknasetrana eru jafn fjölbreytt og þau eru mörg, en þau fást m.a. við rannsóknir á lífríki hafsins,

umhverfi og landnýtingu, hvöllum, fiskum og fuglum, ferðamálum, bókmenntum, sagnfræði, fornleifafræði og þjóðfræði, svo nokkuð sé nefnt. Á síðasta ári störfuðu 34 starfsmenn við rannsóknasetrin ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi. Þá nýtti fjöldi meistara- og doktorsnema sér starfsaðstöðuna á setrunum, auk þess sem erlendir fræðimenn dvöldu við þau um lengri eða skemmri tíma.

Háskóli Íslands leggur ríka áherslu á að þjóna landinu öllu – og að vera þannig í reynd háskóli allra landsmanna.

Þessi ásetningur kemur skýrt fram í núverandi stefnu Háskóla Íslands, en eitt meginmarkmið hennar er að „Háskólinn sé leiðandi afl í framþróun samfélagsins sem vettvangur nýrra hugmynda og lifandi samstarfs rannsækenda, nemenda, atvinnulífs, stofnana og þjóðlífs“.

Háskóli Íslands lítur á rannsóknasetur sín á landsbyggðinni sem mikilvægan þátt í að hrinda þessu markmiði í framkvæmd. Það er lykilatriði fyrir Háskóla Íslands að eiga gott samstarf við sveitastjórnir, atvinnulíf og heimamenn um rekstur rannsóknasetranna. Aðeins þannig næst sá árangur sem við væntum af starfsemi þeirra. Það er sannfæring Háskóla Íslands að

rannsóknasetur hans auðgi atvinnulíf, menningu og mannlíf í byggðunum þar sem þau starfa og stuðli þannig að farsælu og blómlegu samfélagi.

Eins og kunnugt er reyndist óumflýjanlegt að flytja nám í íþróttافرæðum frá Laugarvatni fyrir nokkrum misserum. Í tengslum við þá erfiðu ákvörðun var það einlægur ásetningur Háskóla Íslands að leita allra leiða til að koma á fót annarri starfsemi á staðnum. Það er því gleðiefni að á Laugarvatni er nú rekið öflugt rannsóknasetur sem sérhæfir sig í rannsóknum á fuglum og málefnum landnýtingar á breiðum grunni. Ég vil þakka oddvita og sveitarstjórnarfólki Bláskógabyggðar fyrir samstarfið í þeim efnum. Auk þess var í byrjun þessa árs sett á laggirnar nýtt Rannsóknasetur um sveitastjórnarmál í samvinnu Háskóla Íslands og samgöngu- og sveitastjórnaráðuneytisins sem opnar formlega á föstudag í næstu viku. Verkefni setursins er að sinna rannsóknum, fræðslu og þjónustu fyrir sveitastjórnarstigið og efla þannig fræðilegar rannsóknir á málefnum sveitastjórna um land allt.

Góðir gestir. Ég vil að lokum þakka ráðgefandi nefnd og starfsfólki rannsóknasetra Háskóla Íslands fyrir frábært starf á umliðnum árum. Ég vil sérstaklega vekja athygli á því að rannsóknasetrin standa sig mjög vel í sókn í samkeppnisstyrki um rannsóknir og er það góður vitnisburður um akademískan styrk þeirra. Einnig færi ég mennta- og menningarmálaráðuneytinu þakkir fyrir stuðning og skilning á mikilvægi rannsóknasetranna um land allt. Síðast en ekki síst vil ég þakka Birnu Gunnarsdóttur, verkefnisstjóra á vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands, fyrir að hafa haft veg og vanda að undirbúningi þessa ársfundar.

Takk fyrir.